

Ályktun um niðurlagningu Fjölbrautaskólans við Ármúla og yfirtöku Tækniskólans

Fundur faggreinafélaga í leikskólum, grunnskólum, tónlistarskólum og framhaldsskólum lýsir yfir andstöðu við hugmyndir um að leggja niður Fjölbrautaskólann við Ármúla og að starfsemi hans verði tekin yfir af Tækniskólanum.

Ekki hafa verið sett fram nein fagleg rök fyrir þessu en Fjölbrautaskólinn við Ármúla er stór, vel rekinn, rótgróinn skóli sem hefur lagt sig fram um að mæta þörfum ólíkra nemenda. Viðbúið er að skólabragur FÁ hverfi við samruna í svo stóra stofnun sem Tækniskólinn er.

Aðferðirnar sem hafa verið notaðar við undirbúning þessa máls eru bæði ólýðræðislegar og ófaglegar. Faggreinafélögin gera þá kröfu til menntamálaráðherra að hann noti ekki vald sitt til að fara offari í að breyta skipulagi skóla án undangenginnar faglegrar og lýðræðislegrar umræðu.

Reykjavík, 18. maí 2017